

14. febr. **14**
2. Degar ársvextir sjóðsins nema fullum kr. 1500.00, en ekki fullum kr. 2500.00, skal á sama hátt verja kr. 1000.00 af vöxtunum árlega til styrktar einhverri heiðarlegri ekkju, sem á fyrir börnum að sjá, en afgang vaxtanna skal leggja við höfuðstól sjóðsins.
 3. Degar ársvextir sjóðsins nema fullum kr. 2500.00, skal á sama hátt verja kr. 1250.00 af vöxtunum árlega til styrktar einhverri heiðarlegri ekkju, sem á fyrir börnum að sjá, en afgangi vaxtanna skal varið til hjálpar ungu, berklaveiku fólki.

6. gr.

Sjóðurinn skal jafnan vera undir sem fyllstu eftirliti á þann hátt, sem fyrir kann að verða mælt um vörzlu opinberra sjóða, og reikning hans skal birta árlega í Lögbirtingablaði ríkisstjórnarinnar eða á annan tilsvarendi hátt.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

L a n d l æ k n i r i n n .

Reykjavík, 11. febrúar 1935.

Vilm. Jónsson.

15. febr. **15**

AUGLÝSING

um staðfestingu kennslumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd fyrir Ytra-Akranesskólahérað í Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Ytra-Akranesskólahéraði í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Í umdæmi skólanefndar Akraness er bannað að selja börnum innan 16 ára aldurs. Bannað er og að gefa þeim tóbak eða stuðla á nokkurn hátt að því, að þau neyti þess.

2. gr.

Bönnuð er sala á spítubrjóstykkri (sleikjum), svo og öðrum sælgætisvörum, sem að dómi skólanefndar eru óhollar börnum og unglingum.

3. gr.

Leiksýningar og kvikmyndir, sem ætlast er til að börnum og unglingum innan 16 ára aldurs sé seldur aðgangur að, skulu sýndar skólanefndinni áður, eða henni gefnar nákvæmar upplýsingar um þær, og getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað að börn og unglingar fái aðgang að þeim. Um aðrar opinberar skemmtanir gildir hið sama, að skólanefnd skal tilkynnt, hvað þar á fram að fara, og ræður hún þá, hvort börnum skuli leyfður aðgangur eða ekki.

15

15. febr.

4. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega aldrei dvelja lengur en til miðnættis á dansleikjum eða öðrum opinberum skemmtunum, nema með sérstöku leyfi skólanefndar.

5. gr.

Börn á skólaskyldualdri (7—14 ára) mega aldrei þann tíma, sem skóli stendur yfir, vera lengur en til kl. 9 síðdegis í beitningarskúrum eða öðrum fiskhúsum, hvort sem þau eru þar að vinnu eða ekki.

6. gr.

Börn og unglingar innan 16 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema að fengnu leyfi skólanefndar.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal fara með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 15. febrúar 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.